



18. nóvember 2011

EFTIRLITSSKÝRSLA

URÐUNARSTAÐUR ÚRGANGS Í TJARNARLANDI, FLJÓTSDALSHÉRAÐI

Dagsetning 10.október 2011
Fyrirtæki Fljótsdalshérað,
sorpurðunarstaður í Tjarnarlandi
Heimilisfang Lyngás 12,
700 Egilsstaðir
Kennitala 481004-3220
Isat nr.
Starfsemi Urðun úrgangs
Fulltrúi HAUST f.h. UST:
Helga Hreinsdóttir

Starfsleyfi, gildir til. Unnið er í undanþágu frá starfsleyfi, útg. Af Umhverfissráðuneyti 27.6.2011. Undanþága gildir til 1.3.2013
Tegund eftirlits Reglubundið
Fulltrúar fyrirtækis Freyr Ævarsson
Staðsetning starfstöðvar (hnit): Hnit: 65° 27,537'N, 14° 20,366'W (ISN93: 715.877, 559.128)

Umhverfisstofnun vinnur starfsleyfi fyrir starfseminna og fer með beitingu þvingunarúrræða en hefur falið HAUST að viðhafa eftirlit með starfseminni með sérstökum samningi þar um.



NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í kjölfar eftirlits eru gerðar þrjár ábendingar um atriði sem betur mega fara.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit, með breytingum og í samræmi við ákvæði starfsleyfis sem var í gildi fram í júlí 2009.



Ekið var inn á urðunarstaðinn og gengið um hann. Skoðað var í urðunarreinar, girðingar og hlið voru skoðuð og gengið úr skugga um að ekki væri fokefni í kringum urðunarstaðinn.

Urðunarstaðurinn var hreinlegur, ein urðunarrein í notkun og vel hulið yfir úrgang.

FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Athugasemd 1:

Rekstaraðili hefur ekki sett staðnum umhverfismarkmið, en gert er ráð fyrir að það verði gert sem hluti af undirbúningsvinnu fyrir nýtt starfsleyfi.

Um er að ræða athugasemd við gr. 1.10. í starfsleyfi frá 16.11.2001

1.10 Rekstaraðili setji sér umhverfismarkmið og starfi samkvæmt þeim á starfsleyfistímabilinu. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:1996 eða þátttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 321/1996, eða starfa samkvæmt eigin kerfi.

Athugasemd 2:

Ekki er mannhelt eða læst hlið við aðkomu. **Um er að ræða athugasemd vegna gr.**

3.1 í starfsleyfi frá 16.11.2001, en þar segir:

3.1 Allt athafnasvæðið skal vera afgirt með girðingu, sem hindrar umferð manna og skepna. Gott viðhald og eftirlit skal vera með girðingum. Hollustuvernd ríkisins og/eða Heilbrigðisnefnd Austurlands getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóðum, girðingum og mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið. Koma skal í veg fyrir fok á urðunarsvæðinu og nota sérstakar girðingar í því skyni, ef þörf krefur að mati eftirlitsaðila. Rusl sem hefur fokið skal urða á sama stað og annar úrgangur er urðaður. Hlið á girðingu skulu vera læst utan afgreiðslutíma.

Girðing er allgóð og nýuppgerð. Hún er fjárheld. Á einn kant er djúpur skurður í stað girðingar og kemur hann í veg fyrir aðgengi að svæðinu. Grindahlið er við innkomu á svæðið. Fé og skepnur eiga ekki að komast þar um, en greið aðkoma er fyrir akandi umferð og gangandi fólk.

Rétt þykir að benda rekstaráðila á að kanna hvort þetta fyrirkomulag verður samþykkt áfram af hálfu Umhverfisstofnunar eða hvort krafa um læst hlið verður gerð í nýju starfsleyfi.

Athugasemd 3:

Tína þarf upp lítilsháttar af plastefni úr uppgreftri fráveituskurðar, sem nýlega var lagfærður.

Athugasemd 4:

Mikilvægt er að laga aðgengi að sýnatöku, enda erfitt að komast að og erfitt að tryggja að sýni spillist ekki við aðkomu.

Önnur atriði:

Urðunarstaðurinn hafði verið lokaður frá júlí 2009 til september 2011 þegar hann var opnaður á ný með undanþágu frá starfsleyfi skv. bréfi Umhverfisstofnunar dags. 27.6.2011.

Eftirlit fór fram að höfðu samráði við Umhverfisstofnun og rekstaraðila og á grunni starfsleyfis frá 16.11.2001.

Ekki er um að ræða söfnun á hauggasi né heldur botnþétting umfram það sem var þegar staðurinn fékk starfsleyfi á sínum tíma, enda er urðunarstaðurinn rekinn á undanþágu eins og áður hefur komið fram.

Kröfur Umhverfisstofnunar vegna undanþágu frá starfsleyfi eru í 4 liðum. Vegna þess er rétt að taka fram að rekstaraðili hefur skilað framvinduskýrslu skv. 4. Lið. Starfsleyfistrygging skv. 1. lið hefur einnig verið skilað til Umhverfisstofnunar. Unnið er að liðum 2 og 3 en tímamörk vegna þeirra eru ekki liðin.

18. nóvember 2011

Helga Hreinsdóttir, frkvstj. HAUST